



---

## Barnaverndarnefnd Snæfellinga (Félagsmálanefnd Snæfellinga - FSSF)

---

### Stefna og framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar kjörtímabilið 2006-2010

---

Félagsmálanefnd Snæfellinga fer með barnaverndarmál á starfssvæði nefndarinnar samkvæmt samningi sveitarfélaganna sem standa að Félags- og skólapjónustu Snæfellinga og nefnist Barnaverndarnefnd Snæfellinga þegar það á við.

Stefnumörkun og framkvæmdaáætlun þessi er samin samkvæmt 9. gr. laga nr. 80/2002 um vernd barna og ungmenna sem segir:

*Sveitarstjórnir skulu marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Framkvæmdaáætlun sveitarfélags í barnaverndarmálum skal send félagsmálaráðuneyti og Barnaverndarstofu.*

Með stefnumörkun og framkvæmdaáætlun vill Barnaverndarnefnd Snæfellinga stuðla að fjölskylduvænu samfélagi þar sem börn og ungmenni njóta góðs atlætis, umhyggju og virðingar ásamt öruggu og þroskavænlegu umhverfi.

#### Markmið

Markmið barnaverndarnefndarinnar eru m.a. að:

- skapa barnaverndarnefnd jákvæða ímynd með því að beita uppbyggilegum úrræðum við úrlausn mála og gæta meðalhófs við beitingu þeirra úrræða.
- stuðla að því að viðeigandi stuðningsúrræði í barnaverndarmálum séu til staðar.
- að gæta samræmis og jafnræðis í störfum sínum og við töku ákvarðana.
- mynda trúnaðartraust milli nefndarinnar og íbúa héraðsins til að fólk sinni óhikað tilkynningarskyldu sinni ef grunur leikur á að börn búi við óviðunandi aðstæður.
- tryggja að börn sem búa við óviðunandi kjör eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð.
- börn verði hvorki fyrir ofbeldi né einelti með tilheyrandi vanlíðan og óhamingju.
- styðja börn og foreldra þeirra til bættra samskipta og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu.

- aðstoða þá sem sérstaklega þurfa, t.d. fólk af erlendum uppruna, og fræða um réttindi þeirra, ábyrgð og skyldur í samfélaginu sem grundvallast á gildandi rétti hverju sinni og tengjast málefnum fjölskyldunnar.
- auka samstarf við þá aðila sem hafa með málefni barna að gera.

### Áhersluatriði

Í starfi nefndarinnar er m.a. lögð áhersla á að:

- grundvallarreglur barnaréttarins sem reistar eru á réttarheimildum og þjóðréttarsamningum hverju sinni séu hafðar í heiðri. Þar má nefna barnalög, barnaverndarlög, Mannréttindasáttmála Evrópu og Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna).
- hagsmunir barns séu í fyrirrúmi og að ákvörðunartaka skuli alltaf miðast við það sem barni er fyrir bestu.
- hlustað sé á sjónarmið barna og tekið mið af þeim allt eftir þroska og aðstæðum hverju sinni.
- börn búi við jafnrétti.
- upplýsa fólk um mikilvægi fjölskyldunnar og sameiginlegra samverustunda foreldra og barna þeirra.
- foreldrar og samfélagið sjái börnum fyrir þroskavænlegum uppeldisskilyrðum og barnafjölskyldur sem þurfa aðstoð séu styrktar í uppeldislutverki sínu.
- eiga góð samskipti við fjölskyldur í vanda með gagnkvæmum skilningi og virðingu.
- gera foreldrum sem þurfa aðstoð grein fyrir mikilvægi þess að þeir skapi börnum sínum jákvæðan uppeldisramma og setji þeim reglur til þess að fara eftir.
- hvetja aðila sem sinna félagsstarfi með börnum til að taka tillit til þroska þeirra og getu og sjá til þess að allir fái tækifæri til að njóta sín.
- að hvetja opinbera aðila sem og aðra til að gera samfélagið og umhverfi þess fjölskylduvænna.

### Leiðir

Markmiðum sínum og áherslum hyggst nefndin m.a. ná með því að:

- halda fundi mánaðarlega og oftast ef þurfa þykir og ræða skipulega málefni sem heyra undir nefndina.
- funda um forvarnamálefni með starfsfólki skóla, heilsugæslu, lögreglu og frjálsum félögum.
- tryggja sé eftir föngum að til reiðu séu sérhæfðir starfsmenn sem beita faglegum stuðningsúrræðum.
- leggja áherslu á að gripið sé með eins skjótum hætti og mögulegt er inn í mál fjölskyldna sem eiga í vanda.
- gangast fyrir fræðslu um barnavernd og forvarnir fyrir foreldra og starfsfólk leikskóla, grunnskóla, heilsugæslu og frjáls félagasamtök m.a. með áherslu á tilkynningaskyldu allra.

- hafa aðgengilegar upplýsingar um barnavernd á heimasíðu og nýta staðarfjölmiðla til að vekja athygli á m.a. jákvæðum áhrifum samverustunda fjölskyldunnar, áhættuþáttum eftirlitslausra samkvæma ungmenna, mikilvægi útivistarreglna o.fl.
- vera í sambandi við sýslumannsembættið/lögreglu og aðra viðeigandi aðila varðandi hátíðarhöld og forvarnir í því sambandi.

### **Mat á starfsmannapörf**

Í dag er starfsmannahald vegna barnaverndarmála eftirfarandi:

- félagsmálastjóri (forstöðumaður) sem kemur að þyngri barnaverndarmálum og hefur yfirumsjón með málaflokknum.
- félagsráðgjafi, sinnir jafnframt ýmsum öðrum verkefnum hjá FSSF.
- tveir sálfræðingar í hlutastarfi sem sinna verkefnum eftir þörfum.
- forvarnarfulltrúi, störf hans skarast að nokkru leyti við barnaverndarmál.
- kennslu- og námsráðgjafi, störf hans skarast að einhverju leyti við barnaverndarmál.

Kannað verður hvort ástæða sé til að breyta skipulagi og verkaskiptingu starfsfólks til að stuðla að vandaðri vinnubrögðum, meiri skilvirkni og markvissara og árangursríkara barnaverndarstarfi.

### **Kostnaður**

Varðandi rekstrarkosnað er vísað til fjárhagsáætlana FSSF og sveitarfélaganna á starfssvæði nefndarinnar sem breytast árlega í samræmi við ákvarðanir stjórnar FSSF og sveitarstjórnanna.

### **Mat á starfsemi**

Í þessari stefnumörkun og framkvæmdaáætlun má lesa ákveðna forgangsröðun en árlega og samfara vinnu við fjárhagsáætlun endurmetur nefndin starfið og endurskoðar framkvæmdaáætlunina með það að markmiði að bæta starfsemina.

Árlega skal endurskoða og gera nýja verkefnaská og áherslur varðandi starfsemi nefndarinnar og FSSF. Í lok kjörtímabilsins árið 2010 skal nefndin endurmeta starfsemina í heild sinni með það að markmiði að stuðla að vandaðri vinnubrögðum og auðvelda nýju nefndarfólki starfið næsta kjörtímabil.

---

## Framkvæmdaáætlun kjörtímabilið 2006-2010

---

Árið 2006 var eftirfarandi gert:

- nefndarfólki kynnt lög, reglugerðir og starfsreglur barnaverndarnefnda.
- undirbúningur að starfslýsingum starfsmanna.
- undirbúningur að stefnumótun í forvarnarmálum.

Árið 2007 er stefnt að:

- gerð sameiginlegrar stefnumótunar fyrir allt starfssvæðið.
- ljúka við heimasíðu og bæta upplýsingamiðlun.
- endurskoðun á skipulagi og verkaskiptingu starfsfólks og meta hvort ástæða er til að breyta þar einhverju.

Árlega skal unnið að eftirfarandi:

- kynningu á hlutverki og starfssviði nefndarinnar í stofnunum og meðal íbúa svæðisins.
- uppfæra heimasíðu.
- minna á þegar tilefni gefst til og ítreka með auglýsingum, bréfum o.fl. m.a.:
  - gildi samverustunda foreldra með börnum sínum.
  - mikilvægi þess að halda í heiðri útivistarreglur
  - hversu varasöm eftirlitslaus unglingsamkvæmi geta verið.
- stuðla að fræðslu varðandi tilkynningar skyldu í barnaverndarmálum.
- auka samstarf um forvarnir við félagasamtök og aðra aðila sem vinna með börnum og ungmennum.

Hellissandi 20. mars 2007.

F.h. Barnaverndarnefndar Snæfellinga,

---

Albert Eymundsson, forstöðumaður FSSF